



EGILS SAGA

Endursögn Brynhildar Þórarinsdóttur
Myndskreytingar Halldór Baldursson

EGILS SAGA



Endursögn Brynhildar Þórarinsdóttur
Myndskreytingar Halldór Baldursson



MENNTAMÁLASTOFNUN

Egils saga

ISBN 978-9979-0-2162-9

© 2014 endursögn: Brynhildur Þórarinsdóttir

© 2014 teikningar: Halldór Baldursson

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Faglegur yfirlestur: Baldur Sigurðsson dósent í íslensku á Menntavísindasviði Háskóla Íslands,

Vilborg Rósa Einarsdóttir grunnskólakennari

Málfarsyfirlestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2014

MENNTAMÁLASTOFNUN

Kópavogi


Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda, þýðanda og útgefanda.

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Oddi ehf, umhverfisvottuð prentsmiðja

EFNISYFIRLIT

Persónur	4
Egils saga	7
Meira um söguna	55



PERSÓNUR



Egill Skalla-Grímsson

verður snemma stærri og sterkari en aðrir. Virtur bóndi á Íslandi en grimmur víkingur í útlöndum. Kemur sér illa við konunga en hvaða hæfileikar verða honum til bjargar?

Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson

er faðir Egils og landnámsmaður á Íslandi. Ljótur og uppstökkur en flinkur smiður. Hvernig fer fyrir vini Egils þegar pabbi gamli brjálást?



Þórólfur Skalla-Grímsson

er stóri bróðir Egils. Fríður og sterkur en hvernig ætli honum gangi að berjast við Skotakonung?



Þorgerður brák
er ambátt Skalla-Gríms og
barnfóstra Egils. Hvað gerir Brák
til að bjarga Agli þegar faðir hans
gengur berserksgang?



Þorgerður Egilsdóttir
er eldklár dóttir Egils, nefnd eftir
fóstru hans. Hvernig fer hún að
því að bjarga lífi pabba síns?

Gunnhildur drottning
er erkióvinur Egils. Gullfalleg
en grimm og ráðrík – og
rammgöldrótt. Hvers vegna ætli
hún breyti sér í svölu í Jórdvík?





EGILS SAGA

Úlfur hét maður og var Bjálfason. Hann bjó á vesturströnd Noregs þegar Haraldur hárfagri hóf að brjóta landið undir sig, um það leyti sem byggð hófst á Íslandi. Úlfur var mikill maður og sterkur en styggur er leið á daginn og afar kvöldsævur. Því var hann kallaður Kveld-Úlfur. Það var mál manna að hann væri mjög hamrammur. Kona Kveld-Úlfs hét Salbjörg og áttu þau synina Þórólf og Grím. Þórólfur var fríður og vinsæll en Grímur var ljótur og líktist föður þeirra. Hann var rammur að afli og fljótur að reiðast. Þá gat hann orðið óður eins og villidýr og gátu þá engir menn haldið honum. Grímur varð snemma sköllóttur og var því kallaður Skalla-Grímur.

Þórólfur gekk í þjónustu Haralds hárfagra en var svikinn af vinum konungsins og svo fór að konungurinn drap hann. Skalla-Grímur og Kveld-Úlfur hefndu Þórólfs grimmilega. Þeir drápu fjölda liðsmanna Haralds konungs en flúðu að því loknu úr landi. Þeir sigldu til Íslands

ásamt fjölskyldum sínum og vinnufólki og fylgdi þeim fjöldi hraustra og sterkra manna.

Kveld-Úlfur var orðinn roskinn, hann tók sótt og lést á leiðinni en Skalla-Grímur nam land við lygnan fjörð á vesturströnd Íslands ásamt Beru konu sinni. Þau reistu sér bæ undir klettaborg skammt frá ströndinni og kölluðu hann Borg og dró fjörðurinn nafn sitt þar af; Borgarfjörður. Skalla-Grímur gaf skipverjum sínum land í Borgarfirði og varð byggð þar því nokkur.

Bera og Skalla-Grímur eignuðust dæturnar Sæunni og Þórunni og tvo syni. Sá eldri hét Þórólfur. Hann var hávaxinn og laglegur, langtum sterkari en jafnaldrar hans, glaðlyndur og góður í öllum íþróttum og afar vinsæll.

Yngri sonur þeirra var kallaður Egill. Snemma kom í ljós að hann yrði ljótur og líkur föður sínum og afa bæði að útliti og skapferli. Þegar Egill var þriggja vetra var hann jafnmikill og sterkur og sex eða sjö vetra sveinar. Hann varð snemma mælskur og skáldmæltur en var heldur illur viðureignar í kappleikum með öðrum ungmennum.

Einn af þeim sem flúðu ofsóknir Haralds hárfagra þessi árin var Yngvar, faðir Beru. Hann sigldi með öllu sínu fólki til Íslands og fékk Skalla-Grímur honum bú á Álftanesi á Mýrum, skammt frá Borg. Eitt sinn bauð Yngvar til mikillar veislu á Álftanesi. Skalla-Grímur og Bera buðu Þórólfi með sér til veislunnar en Egill átti að verða eftir heima. Hann var þá þriggja vetra en Þórólfur þrettán.

Egill ræddi um það við föður sinn að hann vildi líka fara. „Ekki skaltu fara,“ sagði Skalla-Grímur, „því þú kannt ekki að haga þér í fjölmenni þar sem drykkjur eru miklar enda þykir þú nógu erfiður ódrukkinn.“

Egill var ekki sáttur. Hann gekk út og fann dráttarklár, fór á bak og reið einn af stað. Seint um kvöldið kom hann á Álftanes þar sem menn sátu við



drykkju og gekk inn í stofu til afa síns. Þegar Yngvar sá Egil tók hann honum fagnandi. Hann setti Egil hjá sér og sátu þeir andspænis Skalla-Grími og Þórólfi. Var þar drukkið öl og vísur hafðar til skemmtunar. Þá kvað Egill vísu þar sem hann kallaði afa sinn örlátan mann og hraustan. Yngvari líkaði vísan vel og þakkaði Agli fyrir. Daginn eftir færði hann honum að skáldskaparlaunum þrjá kuðunga og andaregg. Kvað Egill þá aðra vísu um bragarlaunin. Síðan fór hann heim með foreldrum sínum.

Skalla-Grímur og Bera ólu einnig upp stúlku sem hét Ásgerður og var jafnaldra Egils. Það kom þannig til að Björn Brynjólfsson, vinur þeirra í Noregi, varð hrifinn af stúlku er kallaðist Þóra hlaðhönd, hún var systir Þóris hersis, fóstbróður Skalla-Gríms. Þórir vildi ekki að þau giftust og rændi Björn því Þóru og flúði með hana til Íslands. Þau leituðu til Skalla-Gríms og Beru og fengu að búa hjá þeim á Borg og þar fæddist Ásgerður dóttir þeirra. Þegar fjölskyldur Björns og Þóru í Noregi höfðu náð sáttum sneru þau aftur heim en Ásgerður varð eftir á Borg. Þá voru þau Egill þriggja vetra.

Þórólfur, bróðir Egils, fékk að fara með Birni og Þóru til Noregs. Þau voru bæði af ríku fólki komin og Þórólfur komst því í kynni við ýmsa volduga menn. Einn þeirra var Eiríkur sem síðar fékk viðurnefnið blóðöx. Eiríkur var í fóstri hjá Þóri hersi og urðu þeir Þórólfur miklir vinir. Sú vinátta átti eftir að verða örlagarík því Eiríkur var uppáhaldssonur Haralds konungs hárfagra.



Á veturna voru oft knattleikir í Borgarfirði þar sem fólk úr sveitinni kom saman. Eitt sinn, þegar Egill var á sjöunda vetri, var fjölmennur knattleikur á Hvítárvöllum. Mennt komu víða að og var körlunum skipt í lið en strákunum í sveitinni í önnur lið.

Egill var kappsamur og fljótur að reiðast og því kenndu menn sonum sínum að vægja fyrir honum í leik. Hann átti að keppa við strák sem hét Grímur og var nokkru eldri, 10 eða 11 vetra. Grímur var sterkari en Egill og fór illa með hann. Þá reiddist Egill og barði hann með knatttrénu en Grímur sneri hann niður og kvaðst mundu meiða hann ef hann kynni sig ekki. Þegar Egill komst á



fætur gekk hann úr leiknum en vinir Gríms æptu að honum.


Egill fór til vinar síns, Þórðar Granasonar og sagði honum frá þessu. „Ég skal fara með þér og skulum við hefna fyrir þetta,“ sagði Þórður og rétti Agli öxi.

Þeir gengu aftur á leikvöllinn. Grímur hafði þá gripið knöttinn og rak hann á undan sér. Egill hljóp að Grími og rak öxina í höfuð honum, alveg inn í heila. Þeir Þórður gengu síðan brott til Skalla-Gríms og liðsmanna hans. Þá hlupu aðstandendur beggja til vopna og varð þetta upphaf fjandskapar milli fjölskyldna Egils og Gríms.



Þegar Egill kom heim lét faðir hans sér fátt um finnast en móðir hans sagði að hann væri víkingsefni og spáði því að hann myndi eignast herskip þegar hann hefði aldur til. Þá kvað Egill þessa vísu:

Það mælti mín móðir
að mér skyldi kaupa
fley og fagrar árar,
fara á brott með víkingum,
standa uppi í stafni,
stýra dýrum knerri,
halda svo til hafnar,
höggva mann og annan.



Þegar Egill var tólf vetra var hann svo stór og sterkur að fáir menn gátu unnið hann í leik eða aflraunum. Þórður vinur hans var þá tvítugur og sterkur að afli. Oft kepptu þeir Þórður tveir á móti Skalla-Grími í knattleik. Eitt sinn um veturinn var knattleikur í landi Borgar. Egill og Þórður kepptu þar við Skalla-Grím. Hann mæddist fyrir þeim og gekk þeim betur. En eftir sólarlag fór þeim Agli að ganga verr. Gerðist Grímur þá svo sterkur að hann greip Þórð upp og keyrði hann svo hart niður að hann beið þegar bana. Síðan greip hann til Egils.

Þorgerður brák hét ambátt Skalla-Gríms. Hún hafði fóstað Egil í barnæsku. Hún var sterk sem karlar og mjög fjölkunnug. Brák mælti: „Hamast þú nú Skalla-Grímur að syni þínum.“ Skalla-Grímur sleppti þá Agli en þreif til Brákar. Hún hljóp undan og Skalla-Grímur eftir, uns hún stökk fram af bjargi á sund. Skalla-Grímur kastaði á eftir henni steini miklum og lenti hann milli herðanna á henni og kom hvorugt upp síðan. Þar er nú kallað Brákarsund.

Egill reiddist föður sínum fyrir að hafa drepið

besta vin hans og fóstur. Hann sagði ekki neitt en beið þar til Skalla-Grímur var sestur til borðs um kvöldið með öllu heimafolkinu. Þá gekk hann inn í eldahús og hjó til bana þann vinnumann sem föður hans var kærastur. Síðan gekk hann til sætis síns. Skalla-Grímur sagði ekki orð og ræddust þeir feðgar ekki við um veturinn, hvorki gott né illt.



Næsta sumar kom Þórólfur bróðir Egils heim frá Noregi. Hann hafði aflað sér ógrynni fjár í viking með Eiríki blóðx sem nú var orðinn konungur. Þórólfur hafði vetursetu á Íslandi en um vorið þegar skip hans var ferðbúið vildi Egill fara með



honum. Þórólfur tók illa í það og sagði að fyrst faðir þeirra gæti ekki haft hemil á honum heima þá treysti hann sér ekki til að taka hann með.

„Vera má að þá fari hvorugur okkar,“ svaraði Egill.

Um nóttina gerði æðiveður en þegar komið var myrkur og flóð gekk Egill að skipinu og hjó í sundur festarnar. Rak þá skipið út á fjörðinn. Þórólfur og skipverjar hans fengu ekkert við ráðið og strandaði skipið hinum megin fjarðarins. Urðu þeir mjög reiðir en Egill hótaði að valda Þórólfi meiri skaða.

Gengu menn þá í að sætta bræðurna og fór svo að Egill fékk að fara með Þórólfi. Með þeim sigldu einnig liðsmenn Þórólfs og Ásgerður fóstursystir þeirra bræðra. Hún var nú orðin vænsta kona, vitur og hæfileikarík.

Þórólfur stýrði skipinu til Noregs. Hann byrjaði á að fylgja Ásgerði heim til föður hennar í Sogni en móðir hennar var þá látin. Þaðan fór hann á fund Eiríks konungs blóðaxar en að lokum hélt hann til Þóris hersis. Þórir bauð Þórólfi að dvelja hjá sér og fékk Egill að vera þar með honum. Þórir átti son sem hét Arinbjörn, hann var nokkru eldri en Egill og góður vinur Eiríks blóðaxar, eins og Þórólfur. Arinbjörn var skörulegur maður og mikill íþróttamaður. Egill

fylgdi honum jafnan en heldur var fátt með þeim bræðrum.

Þórólfur hélt aftur norður í Sogn og bað Ásgerðar. Birni föður hennar leist vel á ráðahaginn enda var góð vinátta milli fjölskyldnanna. Boðaði hann því til brúðkaupsveislu um haustið. Þegar leið að veislunni tók Egill sótt og sat heima. En um leið og Þórólfur hafði siglt af stað hresstist hann við og tók þá að leiðast.

Ölvir hét maður, hann var húskarl Þóris hersis og stýrði búi hans. Hann átti að innheimta skuldir fyrir Þóri meðan hann var í brúðkaupsveislunni.



Ölvir hafði búið skip og hafði með sér tólf húskarla. Egill kom að máli við hann og vildi fara með honum og tók Ölvir því vel. Egill hafði með sér vopn sín, eins og ávallt, sverð, spjót og lítinn skjöld.

Um kvöldið komu þeir til Atleyjar en þar var stórt bú sem Eiríkur konungur átti. Búinu stýrði góður vinur konungsins sem kallaður var Atleyjar-Bárður. Bárður tók á móti þeim í útihúsi og lét bera þeim brauð og smjör, og skyr að drekka. Sagði hann það mikinn harm að eiga ekki öl handa gestum.

Sama kvöld komu Eiríkur konungur og Gunnhildur drottning hans í Atley og hafði Bárður undirbúið blót fyrir þau heima á bænum. Var þar dýrleg veisla og nóg af öli. Konungur frétti að húskarlar Þóris vinar hans væru staddir í eyjunni og lét senda eftir þeim. Fagnaði hann Ölvi mjög og lét þá Egil sitja í öndvegi á móti sér. Síðan var þeim boðið öl að drekka í drykkjarhornum. Er leið á kvöldið urðu félagar Ölvis drukknir, sumir spjóu inni í stofunni en aðrir komust út fyrir dyr. Egill drakk allt sem þeim var borið og að lokum fyrir Ölvi líka.

Bárður gekk til Gunnhildar og sagði Egil færa

þeim skömm því hann segðist
sífellt vera þyrstur. Drottning og
Bárður blönduðu þá ólyfjan í
drykkinn og létu færa Agli.

Egill stakk hnífi í lófa
sér og tók við horninu.

Síðan risti hann

galdrarúnir á hornið,

makaði á þær blóði sínu

og kvað vísu um leið. Við það

sprakk hornið í sundur en drykkurinn fór niður.

Þá leið yfir Ölvi en Egill stóð upp og studdi hann
út með sverðið í annarri hendi.

Bárður kom á eftir þeim með enn eitt hornið.
Egill kastaði niður horninu, brá sverðinu og lagði
í gegnum hann. Féll Bárður dauður niður en
blóð hljóp úr sárinu. Þá féll Ölvir niður og gaus
úr honum spýjan. Egill sótti vopn sín og lagði á
flótta út í myrkrið.

Konungur skipaði að leita skyldi um alla
eyjuna og í öllum skipum til að drepa Egil. Um
nóttina reyndi Egill að komast í skip en alls
staðar voru menn konungs á verði. Er birta fór



af degi sá hann út í eyju nokkra, nokkuð langt frá. Hann tók vopn sín og vafði þau í yfirhöfnina og batt á bak sér. Síðan lagðist hann til sunds og synti út í eyjuna.


Þegar konungur sá að Egill var horfinn sendi hann tólf menn út í eyjuna til að drepa hann. Þrír þeirra áttu að gæta skipsins meðan hinir leituðu í eyjunni. Egill læddist að varðmönnum og hjó þá til bana. Síðan reri hann á brott á skipi konungsins.

Morguninn eftir kom Egill heim og lýsti því hvernig hann hefði komist undan. Arinbjörn fagnaði verkum Egils og fékk föður sinn til að tala máli hans við konunginn. En Eiríkur blóðöx var hinn reiðasti og þótti Egill hafa sýnt sér mikla óvirðingu í Atley. Hann krafðist bóta fyrir Atleyjar-Bárð og aðra menn sína sem Egill hafði drepið. Þórir greiddi þá sekt fyrir Egil og lofaði að sjá til þess að hann dveldi ekki langdvölum í Noregi.



Næsta vor bjuggu Þórólfur og Egill langskip og herjuðu í Austurveg. Þeir rændu þar miklu fé og háðu margar orrustur. Vorið eftir fóru þeir bræður aftur í víking og herjuðu allt sumarið.

Aðalsteinn Játvarðsson var þá tekinn við ríki í Englandi en afi hans hafði brotið landið undir sig. Margir höfðingjar sem misst höfðu ríki sitt voru ósáttir og ófriður ríkti í landinu. Aðalsteinn konungur safnaði herliði að sér, bæði útlenskum mönnum og enskum, og launaði þeim vel. Þórólfur og Egill fréttu það og héldu á fund Aðalsteins um haustið með 300 manna



lið. Aðalsteini leist vel á víkingana og bauð þeim að gerast landvarnarmenn sínir.

Ólafur rauði Skotakonungur dró saman fjölmennan her og réðist inn í Norðimbraland, nyrsta hluta Englands. Hann lagði þar allt undir sig og sigraði her Aðalsteins í mikilli orrustu. Aðalsteinn konungur skoraði á Ólaf til úrslitaorrustu og skyldi sá sem sigur hefði ráða yfir öllu Englandi. Þeir ákváðu að hittast á Vinheiði á Norðimbralandi og samþykkti Ólafur að hætta að herja á landið þar til úrslit væru fengin.

Skotar mættu til bardagans með gríðarfjölmennan



her og var liðsmunur mikill. Þórólfur og Egill stýrðu her Englendinga í sameiningu. Orrustan varð hörð en Þórólfur barðist eins og óður væri og á endanum ráku þeir Egill lið Skota á flóttu. Daginn eftir var barist aftur og höfðu konungarnir þá jafnstóra heri. Aðalsteinn konungur skipti nú liði sínu í tvær fylkingar og gerði Egil og Þórólf að foringjum yfir hvorum flokki. Bræðrunum líkaði illa að skiljast en létu þó konung ráða. „Þessa skiptis mun ég oft iðrast,“ spáði Egill.

Þegar bardaginn hófst ætlaði Þórólfur að sækja



að Ólafi konungi en Skotar réðust þá að úr öllum áttum og skutu að honum mörgum spjótum. Féll Þórólfur þar en Skotar æptu siguróp.

Er Egill heyrði siguróp Skota skildi hann hvað hafði gerst og ákvað að sækja fram þar sem Þórólfur hafði verið. Hann eggjaði lið sitt til framgöngu og hjó sjálfur til beggja handa. Egill barðist af mikilli hörku og hjó einn helsta herforingja Skota. Þá sótti hann fram þar sem Skotakonungur var. Gerðist þar mikið mannfall en aðrir lögðu á flóttu og féll þar Ólafur konungur og mestur hluti liðs hans. Fékk Aðalsteinn konungur þar allmikinn sigur.

Egill rak flóttann og drap hvern mann sem hann náði til. Síðan sneri hann aftur á orrustuvöllinn með sveit sína og fann þar Þórólf bróður sinn látinn. Hann tók upp lík hans, þvoði það og bjó um það, eins og siðvenja var til. Þeir lögðu Þórólf í gróf með vopnum sínum öllum og klæðum og spennti Egill gullhring á hvora



hönd honum. Síðan hlóðu þeir grjóti að og jusu mold yfir.

Pegar Egill kom aftur til herbúðanna með lið sitt sat Aðalsteinn konungur við drykkju og var þar glaumur mikill. Konungur skipaði strax að rýma skyldi hinn óæðri pall og bauð Agli að sitja í öndvegi gegnt sér.

Egill settist niður og skaut skildinum fyrir fætur sér. Hann hafði hjálm á höfði og lagði sverðið yfir hnén, dró það til hálfis úr slíðrum en skellti því aftur í. Hann sat uppréttur en hengdi haus og hleypti annarri augabrúninni ofan á kinnina en hinni upp í hársrætur. Þannig sat hann þögull og þáði ekkert að drekka en hleypti augabrúnunum til skiptis upp eða niður.

Aðalsteinn konungur sat í hásæti. Hann lagði líka sverðið yfir hné sér og þannig sátu þeir um hrið. Þá dró konungur sverðið úr slíðrum, tók gullhring af hendi sér, mikinn og góðan, og dró á sverðsoddinn, stóð upp og gekk á gólfið og rétti yfir eldinn til Egils.

Egill stóð upp og lyfti sverðinu og gekk á gólfið, hann stakk sverðinu í hringinn og dró að sér, gekk aftur til sætis síns en konungur



settist í hásetið. En er Egill settist niður dró hann hringinn á hönd sér og fóru þá augabrúnir hans í lag. Lagði hann þá niður sverðið og hjálminn og tók við dýrshorni og drakk.

Aðalsteinn konungur lét þá bera inn tvær kistur, fullar af silfri, og báru tveir menn hvora. Konungur mælti: „Færðu föður þínum þetta fé í sonargjöld frá mér, en sumu skaltu skipta milli frænda ykkar Þórólfs sem þér þykja ágætastir, en þú skalt fá bróðurgjöld hér hjá mér, lönd eða lausa aura, hvort sem þú vilt, og ég skal veita þér þá sæmd sem þú óskar.“ Þá tók Egill gleði sína aftur.

Egill dvaldi með Aðalsteini konungi um veturinn og hafði mikla virðingu og fé. Með honum var allt það lið sem þeir Þórólfur höfðu stjórnað og lifað hafði af orrustuna við Skota. Um veturinn orti Egill drápu eða langt kvæði um Aðalstein og hlaut að launum tvo gullhringa og skikkju sem konungurinn hafði sjálfur borið.

Um vorið tilkynnti Egill Aðalsteini að hann hygðist sigla til Noregs til að vitja um Ásgerði og börn Þórólfs ef nokkur lifðu. Skildust þeir Aðalsteinn með mikilli vinsemd.



Þegar Egill kom til Noregs var Þórir hersir látinn en Arinbjörn tekinn við sem hersir eða héraðshöfðingi fyrir Eirík konung. Arinbjörn bauð Agli að dvelja hjá sér en Ásgerður frænka hans var þá þegar hjá honum ásamt ungri dóttur þeirra Þórólfs er Þórdís hét. Ásgerður tók dauða Þórólfs mjög nærri sér en er leið á haustið játaði Egill hug sinn til hennar og bað hennar. Hélt Arinbjörn þeim veglega brúðkaupsveislu.

Næsta vor sigldu þau hjón til Íslands með Þórdísi og margir liðsmenn Egils með þeim. Þá hafði Egill verið í útlöndum í tólf vetur. Þau settust



að á Borg og tók Egill brátt við búsyслу til jafns við Skalla-Grím. Egill hafði með sér ógrynni fjár en ekki er þess getið að hann hafi gefið föður sínum silfrið frá Aðalsteini konungi eða skipt því með frændum sínum eins og konungurinn hafði ætlast til.



Nokkrum árum seinna fréttist að faðir Ásgerðar hefði andast í Noregi og að Berg-Önundur, eiginmaður hálf systur hennar, hefði hirt allt það fé sem Ásgerður átti erfa eftir föður sinn. Egill hugðist krefjast arfsins fyrir hönd Ásgerðar. Hann mannaði skip og sigldi til Noregs og fór Ásgerður með.

Arinbjörn hersir tók þeim hjónum fagnandi og bauð þeim að dvelja með sér. Hann taldi þó óvænlegt að heimta fé af Berg-Önundi því hann hefði stuðning Eiríks konungs og Gunnhildar sem væri mesti óvinur Egils. Egill hélt engu síður til Berg-Önundar og krafði hann um arfinn. Berg-Önundur brást hinn versti við og að lokum skaut Egill málinu til Gulapings.

Arinbjörn fjölmennti mjög til þings og var Egill í för með honum. Eiríkur blóðöx hafði einnig fjölmenni mikið og var Berg-Önundur í sveit konungsins. Þegar Gunnhildi varð ljóst að Egill myndi vinna málið lét hún eyðileggja þinghaldið og reka burt dómara. Urðu þar mikil læti en þó var ekki barist þar sem allir menn voru vopnlausir á þinginu.

Egill reiddist og kallaði til Berg-Önundar: „Ég vil bjóða þér hólmgöngu og að við berjumst hér á þinginu. Hafi sá fé þetta, lönd og lausa aura er sigur fær, en þú ert hvers manns níðingur ef þú þorir eigi.“

Eiríkur blóðöx svaraði: „Ef þú vilt berjast, Egill, skulum við veita þér það.“ Arinbjörn sá að í óefni var komið og lagði til að þeir forðuðu sér. Reri Egill þá brott á skútu með þrjá tugi manna en Arinbjörn sigldi heimleiðis á skipum sínum. Eiríkur konungur fór á eftir þeim á sex stórum langskipum og skipaði að taka Egil af lífi.

Morguninn eftir varð Egill var við að langskip konungsins nálgudust skútuna. Egill skaut þá spjóti að næsta skipi og fór það gegnum frænda

konungsins. Eiríkur konungur varð æfur og lét róa ákaft á eftir Agli. Egill stefndi skútunni á grunnt sund en langskip konungsins ristu of djúpt til að komast yfir og skildi þar með þeim. Menn konungs unnu Agli þó mikið tjón, þeir réðust á kaupskipið, sem hann hafði siglt á til Noregs, rændu það og brenndu og felldu tíu af mönnum hans.


Óvild Egils og Eiríks konungs hafði nú aukist verulega. Egill kvað vísu þar sem hann manaði goðin að reka hinn illa konung úr landi en konungurinn gerði Egil útlægan úr Noregi; hver sem var mátti drepa hann ef hann sást í landinu. Egill lét það ekki stöðva sig. Hann hélt heim til Berg-Önundar og hjó hann til bana og drápu menn hans þar fimmtán eða sextán menn. Þeir rændu síðan öllu fé sem þeir komust yfir en skemmdu það sem þeir gátu ekki haft með sér. Var Egill þá orðinn svo reiður að engu tauti var við hann komið.

Eiríkur og Gunnhildur áttu son sem hét Rögnvaldur. Hann var þá tíu vetra eða ellefu og fríðasta mannsefni. Þegar Egill sigldi út á fjörðinn með liði sínu reru Rögnvaldur og menn hans tólf á

móti þeim. Egill þekkti skipið og stýrði beint á það svo að sjór flæddi um borð. Hann greip sverð sitt og hét á menn sína að láta engan komast undan. Þeir drápu þá Rögnvald og alla menn hans.

Egill og liðsmenn hans fóru í land í næstu eyju og rændu öllu sem þeir gátu borið. Að því búnu gekk Egill upp í eyjuna. Hann hafði stöng í hendi og stakk henni niður. Síðan setti hann hrosshöfuð á stöngina og mælti: „Hér set ég upp níðstöng og sný ég þessu níði á hönd Eiríki konungi og Gunnhildi drottningu. Sný ég þessu níði á landvættirnar svo að þær reki Eirík konung og Gunnhildi úr landi.“ Egill risti rúnir á stöngina og festi hana í sprungu í bjarginu.

Arinbjörn bætti tjón Egils og gaf honum annað skip til Íslandsferðar. Egill og Ásgerður sigldu nú heim til Íslands. Nokkru eftir komu



þeirra andaðist Skalla-Grímur og var hann heygður. Tók Egill þá við búi að Borg.



Um þetta leyti hafði Eiríkur blóðöx ríkt einn vetur yfir Noregi. Sama sumar kom Hákon bróðir hans heim frá Englandi. Hann hafði verið í fóstri hjá Aðalsteini konungi og vildi nú gerast konungur yfir Noregi. Hákon Aðalsteinsfóstri hafði mun fjölmennari her en Eiríkur og hrakti bróður sinn úr landi. Arinbjörn hersir flýði Noreg með Eiríki blóðöx og herjuðu þeir suður fyrir Skotland og til Englands.

Aðalsteinn konungur safnaði liði til að verja England gegn víkingum. Var þá leitað sátta og samdist um að Eiríkur blóðöx fengi Norðimbraland og skyldi verja England fyrir Skotum og Írum. Eiríkur og Gunnhildur settust að í Jórvík og var Arinbjörn hersir með þeim.

Gunnhildur drottning var Agli enn reið og lét efla seið til að narra hann á sinn fund. Egill gerðist nú ókátur heima á Borg og versnaði ógleði hans eftir því sem leið á veturinn. Sumarið eftir

lýsti hann því yfir að hann hygðist sigla til Englands að hitta Aðalstein konung. Engin tíðindi höfðu þá borist til Íslands af ríki Eiríks blóðaxar á Englandi.

Komið var haust þegar Egill sigldi af stað með þrjá tugi manna með sér. Veðrið var orðið slæmt og svo hvasst var úti fyrir Norðimbralandi að þeir neyddust til að stefna á land við mynni árinna Humru. Þar brotnaði skipið í spón en allir menn og mestur hluti fjárens bjargaðist.

Egill frétti fljótt að Eiríkur blóðöx og Gunnhildur sætu í Jórvík. Arinbjörn hersir væri þar með þeim og í miklum kærleikum við konunginn. Egill vissi að hann gæti ekki leynst og þótti lítilmannlegt að vera tekinn á flóttu. Reið hann því af stað til fundar við Arinbjörn.

Arinbjörn fylgdi Agli þegar í stað til hallar Eiríks konungs. Hann ráðlagði Agli að ganga til



konungs og sýna honum virðingu og undirgefni með því að færa honum höfuð sitt, til marks um að konungurinn réði hvort hann lifði eða dæi. Sjálfur myndi hann tala máli hans.

Peir gengu síðan í höllina. Arinbjörn ávarpaði Eirík og sagðist fylgja til hans manni sem kominn væri um langan veg til að sættast við hann. Væri það mikill heiður fyrir konunginn. Eiríkur reiddist og svaraði að sakir Egils væru svo stórar og margar að hver og ein ætti að kosta hann lífið. „Þú munt deyja hér,“ sagði konungur og fór Gunnhildur þá fram á að Egill yrði höggvinn þegar í stað.

Arinbjörn lagði til að Egill fengi tækifæri til að leysa höfuð sitt með lofsorðum um konunginn



sem þekkt yrðu um allan aldur. Eiríkur lét þá til leiðast að leyfa honum að lifa nóttina.

Arinbjörn hafði Egil heim með sér um kvöldið og ráðlagði honum að yrkja lofkvæði um Eirík konung. Egill bjó um sig á loftinu og hóf að yrkja en Arinbjörn og menn hans sátu við drykkju fram á nótt. Þegar Arinbjörn ætlaði til hvílu fór hann til Egils og spurði hvernig gengi með kvæðið. Egill sagðist þá ekkert hafa getað ort þar sem svala nokkur hefði setið við gluggann og kvakað alla nóttina. Arinbjörn fór út og settist við gluggann og sá þá hvar hamhleypa eða norn fór af húsinu. Arinbjörn sat þar alla nóttina og gat Egill þá ort á meðan.

Um morguninn gekk Arinbjörn með alla sveit sína alvopnaða í konungsgarð. Hann gekk inn með helming sveitarinnar og Egill með honum en helmingur stóð úti fyrir dyrum. Arinbjörn lagði hart að Eiríki að þyrma lífi Egils og lagði vináttu sína við konung að veði, sagðist hann enn fremur tilbúinn að falla í átökum við hann. Eiríkur gaf þá eftir, og flutti Egill langt og virðulegt kvæði um frægð og afrek konungsins er kallast Höfuðlausn.

Eiríkur konungur sat uppréttur meðan Egill kvað kvæðið og hvessti augun á hann. Er kvæðinu var lokið mælti hann: „Besta er kvæðið fram flutt.“ Hann sagði Arinbjörn hafa flutt mál Egils af miklum ákafa og fyrir hans sakir fengi Egill nú að fara ómeiddur. „En þú Egill, háttu svo ferðum þínum að þú komir aldrei í augsýn mér og sonum mínum og verðir aldrei fyrir mínu liði. En ég gef þér nú höfuð þitt að sinni.“

Arinbjörn þakkaði konungi í löngu máli. Þeir Egill riðu síðan til Aðalsteins konungs með hundrað manna her og fengu þar góðar viðtökur. Aðalsteinn bauð Agli að dvelja með sér en Arinbjörn sneri aftur til Jórvíkur. Að skilnaði gaf Egill Arinbirni gullhringana tvo er Aðalsteinn konungur hafði gefið honum en Arinbjörn gaf Agli sverðið Dragvandil. Það var allra sverða beittast. Skildust þeir með miklum kærleikum.



Sumarið eftir vildi Egill enn á ný fara til Noregs þrátt fyrir að Eiríkur blóðöx hefði gert hann útlægan. Hann vissi að Eiríkur og Gunnhildur höfðu misst völd sín og því yrði hægara um vik



að sækja arf Ásgerðar, sem þau höfðu komið í veg fyrir að hann næði frá Berg-Önundi. Atli hinn skammti, bróðir Berg-Önundar, hafði þá eignað sér allar eigur hennar í Noregi.

Aðalsteinn konungur gaf Agli kaupskip til fararinnar og skildust þeir með mestu vináttu. Egill naut góðs af þessum vinskap þegar hann fór á fund hins nýja Noregskonungs, Hákonar Aðalsteinsfóstra, sem lofaði honum friði í landinu fyrir sakir Aðalsteins.

Á leið sinni til Atla hins skamma gistu Egill og menn hans í eyggi Höð. Þar bjó Gyða systir Arinbjarnar hersis, sem orðin var ekkja, ásamt börnum sínum.



Dóttir Gyðu var döpur og grét mikið og spurði Egill hvað gengi að. Kom þá í ljós að berserkurinn Ljótur hinn bleiki hafði beðið hennar. Þegar bónorðinu var hafnað hafði Ljótur skorað Friðgeir bróður hennar á hölm. Hann var ekki mikill maður og hafði aldrei staðið í bardögum.

Þegar Egill heyrði þetta lofaði hann að fara með til hólmgöngunnar. Daginn eftir var markaður völlur og kom Ljótur þangað með lið sitt og bjóst til hólmgöngu. Ljótur var allmikill maður og sterklegur og er hann gekk fram á völlinn þá kom á hann berserksgangur, tók hann þá að grenja illilega og beit í skjöld sinn.

Egill greip vopn sín og bjóst til að berjast við Ljót í stað Friðgeirs. Bardaginn varð snarpur en Egill hjó svo ört að Ljótur varð að hopa undan. Hann hjó af honum skjöldinn en síðan fótinn fyrir ofan hné, féll Ljótur þá og var þegar örendur. Urðu menn þá harla fegnir því Ljótur hafði drepið marga góða bændur og hirt af þeim jarðir og óðöl. Var hann orðinn stórauðugur. Egill varð nú enn ríkari því samkvæmt lögum skyldi sá sem felldi annan mann í hólmgöngu eignast allar eigur hans.

Egill komst loks til Hörðalands og fann Atla

hinn skamma. Atli neitaði að skila eigum Ásgerðar og skaut Egill þá málinu til Gulapings. Þegar til þingsins kom skoraði Egill Atla á hólmgöngu og skyldi sigurvegarinn fá allar eignirnar sem deilt var um. Atli skoraðist ekki undan og bjuggust þeir til hólmgöngu. Egill hafði hjálm á höfði og skjöld fyrir sér og höggspjót í hendi, en sverðið Dragvandil festi hann við hægri hönd sér. Atli hafði sama búnað sem Egill; hann var vanur hólmgöngum og mikill kappi. Er þeir voru fullbúnir var leitt fram stærðar naut sem kallað var blótnaut; nautið átti sá að höggva sem sigraði í hólmgöngunni.

Egill og Atli skutu fyrst spjótum sínum og lentu þau bæði í jörðinni. Síðan tóku þeir upp sverðin og hjuggu títt og hart, svo að ónýttust skjótt skildirnir. Og er skjöldur Atla var ónýtur, þá kastaði hann honum og hjó með báðum höndum með sverðinu. Egill hjó til hans á öxlina en sverðið beit ekki; hann reiddi sverðið aftur af öllu afli, en ekki beit það hvernig sem hann hjó.

Egill sá að vopnin unnu ekki á Atla. Hann sleppti því sverðinu og skildinum og hljóp að Atla og greip hann höndum. Féll Atli þá á bak aftur, en

Egill grúfði sig yfir hann og beit í sundur í honum barkann; lét Atli þar líf sitt. Egill stóð skjótt upp og hljóp að blótnautinu, greip annarri hendi í granir þess, en hinn í hornið og snaraði því svo að fætur sneru upp og fór hálsbeinið þá í sundur.

Egill hafði nú eignast allar þær jarðir sem hann hafði deilt um fyrir hönd Ásgerðar. Hann dvaldi lengi í Noregi um vorið en um sumarið bjó hann skip sitt og hélt til Íslands. Var hann nú orðinn stórauðugur.





Egill hafði bú mikið og reisulegt í Borgarfirði. Hann skipti sér ekki mikið af öðrum mönnum en þó líkaði flestum vel við hann. Hann var nú marga vetur heima á Borg. Á meðan gerðust þau tíðindi erlendis að Eiríkur blóðöx féll í viking en Gunnhildur drottning flúði til Danmerkur. Aðalsteinn Englakonungur var látinn en Arinbjörn hersir kominn til Noregs.

Egill bjó skip sitt til síðustu utanfararinnar. Hann sigldi til Noregs á fund við Arinbjörn og gaf honum vandað langskipssegl. Egill dvaldi hjá honum um veturinn í góðu yfirlæti. Arinbjörn hélt veglegt jólaboð og bauð vinum og héraðsbændum. Hann gaf gestum sínum margs konar gjafir því hann var manna örlátastur. Agli gaf hann sérsniðin ensk föt í mörgum litum og gullsaumaðar silkislæður settar gullknöppum. Egill kvað þá kvæði um vináttu þeirra sem kallað er Arinbjarnarkviða.

Eftir jólin gerðist Egill mjög dapur. Hann sagði Arinbirni að hann vildi endurheimta jarðirnar sem hann hafði unnið af Ljót hinum

bleika en þær hafði Hákon konungur slegið eign sinni á. Arinbjörn fór til Hákonar og talaði máli Egils en konungurinn þvertók fyrir að skila jörðunum. Varð Egill all-ófrýnilegur er hann heyrði það. Arinbjörn greiddi Agli þá sjálfur fjóra tugi marka silfurs og sagði honum að taka það fyrir jarðir Ljóts.



Væri það sanngjarnt því Egill hefði bjargað lífi frænda hans með því að berjast við berserkinn. Egill tók við fénu og þakkaði Arinbirni fyrir. Tók hann þá gleði sína á ný.

Næsta vor héldu Arinbjörn og Egill í hernað með þrjú langskip og þrjú hundruð menn. Þeir herjuðu á Saxland og Frisland og fengu mikið herfang. Skildu síðan leiðir, Arinbjörn hélt í hernað til Danmerkur en Egill fór aftur til Noregs þar sem hann dvaldi um veturinn, uns hann sneri aftur heim til Íslands.



Egill og Ásgerður áttu fimm börn, elst var Þorgerður, þá Bera, Böðvar, Gunnar og Þorsteinn sem var yngstur. Þau voru öll mannvæn og viti borin. Enn fremur ólst Þórdís dóttir Ásgerðar og Þórólfs upp hjá þeim á Borg. Þorgerður var væn kona, vitur og heldur skapstór. Hún giftist Ólafi þá Höskuldssyni og bjuggu þau í Hjarðarholti í Laxárdal.



Böðvar var hinn efnilegasti maður, fríður sýnum, mikill og sterkur. Egill unni honum mikið. Það var eitt sumar, að skip var í Hvítá, og var þar mikil kaupstefna. Egill hafði verslað þar og sendi húskarla sína heim á báti með varninginn, en sjálfur fór hann ríðandi. Böðvar bað um að fara með þeim, og þeir veittu honum það. Skyndilega versnaði veðrið svo að bátnum hvolfdi og drukknuðu þeir allir.

Er Egill frétti þessi tíðindi reið hann þegar af stað að leita mannanna og fann Böðvar látinn. Egill tók lík sonar síns og reið með það til haugs Skalla-Gríms; hann lét opna hauginn og lagði Böðvar þar niður hjá Skalla-Grími.

Eftir það reið Egill heim til Borgar, og er hann kom heim gekk hann til lokrekkju sinnar,



lagðist niður og skaut fyrir loku. Lauk Egill ekki upp lokrekkjunni allan þann dag og nóttina á eftir og át hvorki né drakk. Enginn þorði að tala við hann.

Hinn þriðja morgun sendi Ásgerður mann í Hjarðarholt til að segja Þorgerði þessi tíðindi og biðja hana að koma að Borg. Þorgerður reið þegar af stað og kom um nóttina til Borgar. Ásgerður heilsaði henni og spurði hvort hún væri búin að borða.

Þorgerður segir hátt: „Engan hef ég náttverð haft og engan mun ég snæða; vil ég ekki lifa eftir föður minn og bróður.“ Þorgerður gekk að lokrekkjunni og kallaði: „Faðir, lúk upp hurðinni, vil ég að við förum eina leið bæði.“

Egill spretti frá lokunni og gekk Þorgerður inn og lagðist í aðra rekkju er þar var. Þá mælti Egill: „Vel gerðir þú, dóttir, er þú vilt fylgja föður þínum; mikla ást hefur þú sýnt mér.“

Síðan þögðu þau um hríð. Þá mælti Egill: „Hvað er nú, dóttir, tyggur þú nú nokkuð?“

„Tygg ég söl,“ segir hún, „því að ég held að mér líði þá verr en áður.“



„Gerir það manni illt?“ segir Egill.

„Allillt,“ segir hún, „viltu eta?“

„Hverju skiptir það?“ segir hann.

Stundu síðar kallaði hún og bað gefa sér að drekka.

„Viltu drekka, faðir?“ segir hún.

Hann tók við dýrshorninu og tók stóran sopa. Þá mælti Þorgerður: „Nú vorum við göbbuð; þetta er mjólk.“

Þá beit Egill skarð úr horninu og kastaði því. Þorgerður mælti: „Nú vildi ég, faðir, að við



lengdum líf okkar svo að þú gætir ort erfikvæði eftir Böðvar, en ég mun rista það á kefli, en síðan deyjum við ef okkur sýnist.“

Egill segir ólíklegt að hann geti ort – „en freista má ég þess,“ segir hann.

Gunnar, sonur Egils og Ásgerðar, hafði andast litlu áður. Egill orti kvæði um þessa tvo syni sína og kallaði það Sonatorrek. Egill tók að hressast er hann orti og er lokið var kvæðinu þá flutti hann það fyrir Ásgerði og Þorgerði og hjú sín; reis hann þá úr rekkju og settist í öndvegi. Síðan lét Egill heiðra minningu sona sinna að fornum sið. En er Þorgerður fór heim, leiddi Egill hana með gjöfum á brott.



Þegar Ásgerður lést hætti Egill búskap. Hann eftirlét Þorsteini syni sínum Borg og flutti til Þórdísar fósturdóttur sinnar að Mosfelli. Egill varð maður gamall en í elli átti hann erfitt með gang og versnaði honum bæði heyrn og sýn, varð hann loks alveg blindur. Hann var hress þrátt

fyrir sjónleysið en hélt sig inni á daginn. Mest gaman hafði hann af því að ræða við Þórdísi.

Um sumarið er Egill var áttæður bað hann Grím eiginmann Þórdísar að taka sig með til Alþingis. Hann sagðist ætla að taka með sér kisturnar tvær frá Aðalsteini konungi en hvor þeirra væri full af ensku silfri. „Ætla ég að láta bera kisturnar til Lögbergs þegar þar er fjölmennast. Síðan ætla eg að sá silfrinu og þykir mér undarlegt ef allir skipta því vel á milli sín.



Ætla ég að þar verði hrindingar eða pústrar og allur þingheimurinn berjist.“

„Það skal aldrei verða að þú komir þessu fram,“ sagði Grímur og neitaði að taka Egil með. Eigi líkaði Agli það vel og var hann heldur ófrýnilegur.

Það var eitt kvöld að Egill kallaði til sín tvo þræla er Grímur átti og sagðist vilja fara til laugar. Er Egill gekk út hafði hann með sér silfurkistur sínar; hann steig á hest og fór ofan eftir túninu með þrælana með sér. Um morguninn sáu menn hvar Egill ráfaði einn og leiddi eftir sér hestinn og fluttu þeir hann þá heim. En hvorki komu þrælarnir né kisturnar aftur. Sagðist Egill hafa drepið þrælana og falið fé sitt, en sagði engum manni hvar.

Egill tók sótt um haustið er leiddi hann til bana. En er hann var andaður lét Grímur færa hann í klæði góð; síðan lét hann flytja hann ofan í Tjaldanes og gera þar haug, og var Egill lagður í hann og vopn hans og klæði.



MEIRA UM SÖGUNA

Egils saga er ein af Íslendingasögunum en svo kallast þekktustu bókmenntir Íslendinga frá miðöldum. Þessi gerð sögunnar er rækilega stytt en auðvelt er að nálgast söguna í heild á bókasafninu eða í bókabúðinni og á netinu. Egils saga er líka til í skólabókaútgáfu með skýringum og í barnaútgáfu, myndskreyttri endursögn með aukaefni.

Það sem upp á vantar

Þegar löng saga er stytt svona mikið er margt sem verður út undan. Velja þarf mikilvæga atburði sem gefa lesendum góða tilfinningu fyrir sögunni og um leið þarf að hafna fjölmörgum spennandi atburðum og áhugaverðum persónum. Forsögunni um ætt Egils í Noregi er að miklu leyti sleppt en hún er um þriðjungur upprunalegu sögunnar. Bardagalýsingar í Egils sögu eru ótal margar og ítarlegar enda fer hann oft í víking til að herja og ræna í útlöndum. Hér eru bardagarnir mun færri og mannfallið miklu minna. Egill er afburða gott skáld og Egils saga hlaðin flóknum kvæðum en hér fær bara ein einföld vísa að fylgja með. Þrjú þekktustu kvæði hans eru þó nefnd á nafn. Stiklurnar hér á eftir fylla upp í myndina að nokkru leyti en ekkert kemur þó í staðinn fyrir að lesa og lifa sig inn í heildarverkið frá upphafi til enda.

- Sagan hefst í Noregi. Kveld-Úlfur og synir hans Þórólfur og Skalla-Grímur lenda í átökum við Harald konung hárfagra. Þórólfur Kveld-Úlfsson, sem í fyrstu er vinur Haralds, er felldur eftir að vinir Haralds ljúga upp á hann sökum. Það er Haraldur sjálfur sem heggur hann til bana. Kveld-Úlfur og Skalla-Grímur hefna Þórólfs grimmilega – drepa um 50 konungsmenn – áður en þeir flýja til Íslands.
- Áratugum síðar tekur Eiríkur blóðöx Haraldsson við sem konungur Noregs. Skalla-Grímur þekkir Eirík ekki neitt en þolir hann samt ekki vegna þess að hann er sonur Haralds hárfagra. Þórólfur Skalla-Grímssonar er aftur á móti vinur Eiríks og moldríkur eftir ránsferðir á hans vegum.
- Eiríkur konungur sendir Þórólf með gullskreytta öxi að gjöf handa Skalla-Grími en Skalla-Grímur sendir Þórólf með hana til baka. Þórólfur vill ekki lenda í vandræðum og hendir öxinni í sjóinn þegar pabbi hans sér ekki til og gefur konungi í staðinn segl sem hann lýgur að sé frá Skalla-Grími. – Sumir reyna nú ýmislegt til að halda friðinn.
- Það er mikilvægt að hafa í huga að ætt Kveld-Úlfs og ætt Haralds konungs hárfagra áttu í þessum löngu illdeilum. Ætt Þóris hersis var hins vegar í vinskapi við báðar þessar ættir og lenti því oft á milli þeirra. Þannig voru Skalla-Grímur og Þórir hersir vinir sem og Egill og Arinbjörn hersir. Skalla-Grímur og Haraldur hárfagri

voru hins vegar óvinir rétt eins og Egill og Eiríkur blóðöx Haraldsson. Feðgarnir Þórir og Arinbjörn þurftu sífellt að miðla málum til að halda vináttunni við báðar ættirnar.

- Egill fer oft í víking og rænir og drepur menn í mörgum löndum en hann hvorki rænir né drepur menn á Íslandi. Í sumum ferðunum er Þórólfur bróðir hans með honum en eftir að hann deyr verður Arinbjörn hersir besti bardagafélagi hans.

- Í Egils sögu koma fyrir mörg forn landaheiti í tengslum við víkingaferðir. Þegar víkingarnir sigldu í Austurveg fóru þeir að austanverðu Eystrasalti, til Kúrlands sem nú er í Lettlandi og Litháen, eða til Garðaríkis sem tilheyrir nú Rússlandi. Saxland var þar sem nú er norðurhluti Þýskalands. Frísland náði frá Norður-Hollandi til Suður-Danmerkur. Halland og Brenneyjar eru nú hluti af Svíþjóð.

- Egill, pabbi hans og afi bera allir svip af berserkjum. Berserkir koma víða fyrir í gömlum sögum og tengjast yfirnáttúrulegum eiginleikum. Þeir verða óðir eins og villidýr og nota oft frumstæðar aðferðir við að drepa; handaflíð eins og Skalla-Grímur gegn Þórði eða jafnvel tennur eins og Egill þegar hann bítur mann á barkann.

- Talsvert er um galdur í Egils sögu. Gunnhildur drottning er göldrótt, hún lætur efla seið (sjóða töfraþlöndu) til að plata Egil til sín og hún er líka hamhleypa sem merkir að hún getur breytt um ham

(útlit). Hún breytir sér í svölu til að trufla Egil þegar hann er að yrkja Höfuðlausn.

- Kveld-Úlfur afi Egils er sagður hamrammur (þ.e. hamhleypa). Frá honum kemur líklega galdrabekking Egils, hann verst t.d. með rúnagaldri þegar Gunnhildur drottning reynir að eittra fyrir honum. Egill notar rúnir líka í lækningaskyni. Hann fer í merkilega ferð til Vermalands þar sem hann notar rúnir til að bjarga lífi stúlku sem lagður hafði verið misheppnaður ástargaldur á.

- Skalla-Grímur er jafn eigingjarn á fé sitt og Egill. Hann felur silfur sitt áður en hann deyr, alveg eins og Egill gerir í lok sögunnar.

- Fégirmi eða níska Egils koma víða við sögu, til dæmis í erfðadeilunum og ekki síst við dauða Þórólfs. Hann lætur þabba sinn aldrei fá silfrið sem Aðalsteinn konungur ætlaðist til að hann fengi í sonarbætur.

- Bardagi Englendinga og Skota þar sem Þórólfur er felldur á sér talsverðan aðdraganda. Her Skota er svo fjölmennur að Aðalsteinn konungur þarf að safna liði. Á meðan hann er í burtu gera liðsmenn hans ýmislegt til að þykjast vera fjölmennari en þeir eru og tefja málið. Strax á öðrum orrustudegi er Aðalsteinn kominn til baka með liðsaukann og eru þá herir Skota og Englendinga jafnstórir. Upprunalega frásögnin sýnir herkænsku Egils og Þórólfs sem taka stjórnina í fjarveru konungsins.

BAKGRUNNUR

Íslendingasögur

Íslendingasögurnar gerast á víkingatímanum eða 9.–10. öld en voru skrifaðar á 13. öld. Enginn veit hver skrifaði þessar sögur og þess vegna vitum við ekki hver skrifaði Egils sögu. Við vitum bara að það var flinkur höfundur sem tvinnaði saman gamlar sögur og gerði úr þeim heildstætt verk. Margt í Egils sögu á sér nefnilega trúverðugar rætur þótt annað sé augljós skáldskapur. Grunurinn beinist stundum að Snorra Sturlusyni, frægasta rithöfundu Íslands á miðöldum. Hann bjó um skeið á Borg, bæ Skalla-Gríms og Egils, og þekkti því örugglega sögurnar sem lifað höfðu um feðgana í 300 ár. Þetta er því ágætis tilgáta en ósönnuð.

Sögutíminn: Landnám Íslands

Íslendingasögurnar gerast í upphafi byggðar á Íslandi. Þær tengjast því bæði fornum frásögnum um landnám Íslands og sögu Noregs enda komu flestir landnámsmanna Íslands frá Noregi. Ein þekktasta sagan um upphaf landnáms á Íslandi kemur fyrir í Egils sögu: Einn af mörgum fylkiskonungum Noregs er að gera allt vitlaust. Sá heitir Haraldur Hálfðanarson, kallaður Haraldur lúfa sem merkir lubbi. Haraldur hefur nefnilega heitið því að snyrta ekki hár sitt fyrr en hann verði búinn að brjóta Noreg undir

sig og orðinn einráður – eini konungur landsins. Þegar það loks tekst fer hann í „klippingu“ og fær viðurnefnið hárfagri. Þá hafa margir ríkir bændur og höfðingjar verið drepnir og enn fleiri flúið land.

Flestir flúðu til Íslands og komu jafnvel við á Bretlandseyjum eða Írlandi á leiðinni til að taka sér þræla og ambáttir sem þeir fluttu með sér í nýja landið. Auðvitað voru bæði konur og karlar í hópi landnámsmanna, annars hefðu Íslendingar dáið út um leið og fyrsta kynslóð innflytjenda andaðist. Í gömlum sögum um landnámstímann er þó langoftast sagt frá körlunum – og aðallega þeim ríku.

Trú og siðir á víkingaöld

Kannski finnst þér skrytið að afkomendur Kveld-Úlfs hafi ekki getað gleymt deilunum í Noregi. – Þeim datt bara ekki til hugar að fyrirgefa kónginum, menn hugsuðu ekki þannig á víkingaöld. Þeir vildu hefnd, helst blóðhefnd, eða formlegar sættir með fébótum, t.d. silfri eða jörðum. Víkingaöldin var tími hefndarskyldu, menn vörðu sæmd sína / heiður sinn með því að hefna fyrir allt sem gert var á þeirra hlut. Flestir vel stæðir bændur áttu vopn og hikuðu ekki við að beita þeim. Gleymdu því nefnilega ekki að víkingar eins og Egill voru bændur heima hjá sér þótt þeir rændu og rupluðu í fjarlægum löndum. Íslendingasögurnar eru frábær heimild um þetta sæmdarsamfélag þó svo að þær séu að hluta til skáldverk.

Norrænu víkingarnir voru heiðnir, þeirra guðir kölluðust æsir og báru nöfn eins og Þór, Óðinn, Freyja og Frigg. England var hins vegar orðið kristið á 10. öld. Aðalsteinn konungur bað Þórólf og Egil að láta prímsignast sem var í raun skemmri skír. Með því gátu þeir umgengist bæði kristna menn og heiðna þótt þeir héldu þeim átrúnaði sem þeir vildu. Egill tók aldrei kristna trú, hann lést úr elli árið 990 og var heygður að fornum sið. Nokkur börn hans lifðu hins vegar kristnitökuna á Íslandi árið 1000. Þetta voru tímar mikilla breytinga og það skiptir líka máli að Ísland hafði verið kristið í meira en 200 ár þegar Egils saga var skrifuð. Egill virkar því oft gamaldags; tröllslegur og ofbeldisfullur víkingur, öfugt við menn eins og Aðalstein konung. Ekki láta það rugla þig að Arinbjörn heldur jólaboð og gefur jólagjafir. Jól eru ævagömul hátíð sem upphaflega var haldin um vetrarsólstöður til að fagna rísandi sól. Svo heppilega vildi til að fæðingu Jesú bar upp á sama tíma svo að þessar hátíðir runnu saman með kristninni.

VILTU LESA MEIRA?

- Ef þú heldur að Snorri Sturluson hafi skrifað Egils sögu og þig langar að lesa meira eftir hann skaltu ná þér í Heimskringlu sem er saga Noregskonunga eða Snorra-Eddu sem er um fornu, norrænu goðafræðina.
- Ef þig langar að lesa fleiri Íslendingasögur er sniðugt að prófa Laxdælu því að afkomendur Egils koma þar mikið við sögu. Þorgerður dóttir Egils og Ásgerðar giftist Ólafi pá Höskuldssyni en sonur þeirra, Kjartan Ólafsson, er ein af aðalpersónum Laxdælu.
- Þú getur fundið ýmsar upplýsingar um Íslendingasögurnar og víkingatímamann á þessum vef: www.islendingasogur.is

Pælingar

Egill segist vera veikur þegar hann á að fara í brúðkaup Þórólfs og Ásgerðar en svo batnar honum strax þegar bróðir hans er farinn. Hvað heldur þú að sé að honum?

Í Atley fá Egill og Ölvir bara skyr að drekka en þegar kóngurinn birtist kemur í ljós að nóg er til af öli. Hvers vegna heldur þú að Egill hafi orðið svona brjáláður út af þessu?

Hugsaðu um ævi Ásgerðar. Hvar elst hún upp og hverjum giftist hún? Hvað segir þetta okkur um líf barna og kvenna á víkingaöld? En um hjónabönd á víkingaöld?

Aðalsteinn Englandskonungur fékk viðurnefnin Aðalsteinn hinn sigursæli og Aðalsteinn hinn trúfasti. Hvernig finnst þér viðurnefni Eiríks blóðaxar í samanburði? Hvað segja þessi viðurnefni um persónurnar?

Í sögunni fer Egill nokkrum sinnum í ógurlega fýlu. Hvaða aðferð beita vinir hans til að koma honum í gott skap og hvað finnst þér um hana?

Þættir

Heldurðu að við getum lært eitthvað um gamla víkingasamfélagið af því að hugsa um þessa þætti í sögunni?

- Vináttu
- Gestrisni
- Gjafir

Frásögn og stíll








Stíll Íslendingasagna er sérstakur, hraður og hlutlægur en það merkir að persónum er bara lýst utan frá, sagt er hvað þær gera og hvernig þær hegða sér en nær aldrei er sagt hvernig þeim líður eða hvað þær hugsa. Getur þú fundið dæmi um þessi einkenni Íslendingasagnastíls í textanum:

- Svipbrigðum persónu er lýst til að sýna skap hennar
- Hegðun persónu er lýst til að sýna hvernig henni líður

Skoðaðu líka vel hvernig orðum er raðað innan setninga. Getur þú fundið dæmi um setningar þar sem orðaröðin er öðruvísi en þú átt að venjast? Getur þú fundið dæmi um forn orð í sögunni? Getur þú skýrt merkingu þessara orða út frá samhenginu?

Prófaðu að skrifa stutta frásögn í Íslendingasagnastíl.

SÍGILDAR SÖGUR



EGILS SAGA

Egill Skallagrímsson er ein magnaðasta persóna Íslendingasagna. Hann er fylugjarn, fégjarn og nískur, skapmikill, ósvífinn og eigingjarn víkingur sem vegur mann og annan í útlöndum. En það er þó máttur orðsins sem bjargar lífi stríðshetjunnar þegar mest liggur við. Því hann er skáld gott og þiggur lífgjöf úr hendi konungs fyrir lofkvæði sitt. Egill beygir sig fyrir engum nema Elli kerlingu þegar yfir lýkur.



m MENNTAMÁLASTOFNUN
40123

